


GR GRUNNMYND
– 1:50

1:50 0 1000 5000mm

Samþykkt þann
02 júlí 2020
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

AÐALHÖNNUÐUR:

## Skýringar:

### Almennt:

Allt efni skal vera vottað.

Gólfhitalagnir eru ø20 mm PEX lagnir í þrýstiflokki PN6 og steypast inn í ílögn efri hæðar. Tengistykki skulu vera frá sama framleiðanda. Hula ílagnar yfir lagnirnar skal vera amk. 40 mm.

Leitast skal eftir að hafa lagnirnar án tengistykkja. Séu tengistykki notuð skulu þau vafin með einangrunarbandi þannig að þau komist ekki á snertingu við ílögn.

Setja skal þensluborða með veggjum þar sem gólfhitalagnir fara í ílögn.

Setja skal hlífðarrör þar sem lagnir fara í gegnum veggi eða hurðargöt.

Hvergi má nota svartar eða galvanhúðaðar stállagnir.

Frágangur og vinna við gólfhitalagnir, sem og þrýstiprófun, skal vera í samræmi við gildandi staðla og reglur.

### Lega gólfhitalagna:

Bil á milli gólfhitalagna er almennt 150 mm, en 200 mm á flísalögðum rýmum og í bílskúr. Þétta skal bil á milli lagna meðfram útveggjum um 50 mm á 0,5 m svæði.

Gólfhitakista fyrir lagnir efri hæðar er staðsett í þvottahúsi, fyrir ofan gólfhitakistu fyrir lagnir neðri hæðar. Lagnirnar skulu festast utan á vegginn og ganga frá kistunni upp í göt í steyptri gólfplötu.

Gólfhitalagnir skal festa tryggilega niður þannig að ekki sé hætta á að þær fljóti upp þegar ílögn er sett yfir þær.

### Hitastillar í rýmum:

Staðsetningar hitastilla skulu ákveðnar á staðnum að teknu tilliti til m.a. innréttinga og sólargeisla. Staðsetja skal hitastilla í 1,5 m hæð frá gólfi, þar sem sól skín ekki.

Nota skal þráðlausa eða beintengda hitastilla. Ef nota á beintengda hitastilla skal leiða að þeim rafmagnsrör frá stjórnbúnaði og setja tengidósir í veggi.

VERKÍS


www.verkis.is - sími: +354 422 8000

SAMÞYKKT: Guðmundur Ámundason 090954-2459
ga@verkis.is

Kt. 090954-2459


| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A | 2020-06-08 | VINNUTEIKNING | ÁKG | ÁKG | AÆ | GÁM |
| ÚTG | DAGS | SKÝRINGAR | TEIK | HANN | RÝNT | SAMÞ |

# MALARSKARÐ 6, HAFNARFIRÐI

Einbýlishús

Lagnir

Gólfhitalagnir efri hæðar

Grunnmynd

VERKFANG TEIKNING M43-102 A


© Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild er háð skriflegu leyfi höfunda